



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til nýrra laga um nafnskríteini DMR22100024
Ráðuneyti	Dómsmálaráðuneyti
Stig mats	☒ Frummat, sbr. 1. gr. ☐ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	18. nóvember 2022

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifapáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifapættir á fjárhag ríkissjóðs

- a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?

Mat Þjóðskrár Íslands á kostnaði miðað við reynslu af útgáfu sambærilegra skírteina.

- b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum

Gjald fyrir nafnskríteini samkvæmt 19. gr. gjaldskrár Þjóðskrár Íslands nr. 1435/2020 er 4.650 krónur. Gert er ráð fyrir að á grundvelli nýrra laga verði tekið gjald fyrir öll nafnskríteini en samkvæmt núgildandi lögum greiðist kostnaður við útgáfu nafnskríteina úr ríkissjóði nema ef einstaklingur óskar eftir endurútgáfu þess, t.d. ef upphaflegt skírteini glatast.

- c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?

Ekki er gert ráð fyrir miklum tímabundnum áhrifum þar sem þegar eru fyrir hendi þau kerfi og búnaður sem þarf til útgáfu nýrra nafnskríteina en þó er gert ráð fyrir allt að 10 m.kr. í sérstakan kostnað vegna breytinga á kerfum. Mögulega þarf að bæta tímabundið við starfsmanni eða greiða yfirvinnu ef eftirspurn eftir nafnskríteinum verður mikil í upphafi.

Varanlegur kostnaður við útgáfuna felst í rekstri kerfa, hrákortum og framleiðslu. Gert er ráð fyrir að gjald fyrir nafnskríteini verði ákveðið með hliðsjón af þessum kostnaði og standi undir honum.

- d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun

Gjaldskrá verður endurskoðuð reglulega að teknu tilliti til kostnaðar við framleiðslu nafnskríteina.

- e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu

2. Tekjubreytingar

Tekjur eru áætlaðar um 60 m.kr. á ári að því gefnu að skírteinishöfum verði gert að greiða fyrir fyrsta nafnskríteini.

3. Útgjaldabreytingar

Áætlanir gera ráð fyrir að framleidd verði um 13.000 nafnskríteini á ári og að árlegur rekstrarkostnaður verði um 60 m.kr. á ári. Varanleg áhrif á útgjöld eru þá þau sömu og á tekjurnar, þ.e. gert er ráð fyrir því að tekjurnar standi undir kostnaðinum. Áætlað er að við

innleiðingu verkefnisins falli til 10 m.kr. stofnkostnaður, sem ráðgert er að rúmist innan útgjaldaramma Þjóðskrár Íslands.

4. Eignabreytingar

Brákort eru eignfærð og áætlaðar birgðir á ári eru um 10-12 m.kr. með fyrirvara um eftirspurn.

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál

- Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum
- Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál
- Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs
Umsóknargjald samkvæmt gjaldskrá telst til þjónustugjalda.
- Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur
Gjaldskrá Þjóðskrár Íslands samkvæmt heimild í nýjum lögum um nafnskírteini.
- Rekstrarform ríkisstarfsemi
- Opinber innkaup og útboð
Útboð á kortum og kerfum, sem nýtast við framleiðslu nafnskírteina, fór fram árið 2017.
- Eignaumsýsla ríkisins
- Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna
- Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

- Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:
 - í gildandi fjárlögum
 - í fjárlagafrumvarpi komandi árs
 - í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar
- Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?
- Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?
Gjaldtaka sem nemur um 60 m.kr. á ári vegna útgáfu nafnskírteina.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

- Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið
- Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnarsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.
- Samkeppnisskilyrði
 - Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta)
 - Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja)
 - Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef

aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)
D. Önnur áhrif
1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 Frumvarpið hefur ekki áhrif á fjárhag sveitarfélaga. 2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi) Lagasetningin er þáttur í að innleiða EES-gerð sem fellur undir frjálsa för launþega. 3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000 4. Áhrif á byggðalög 5. Áhrif á frjáls félagasamtök 6. Áhrif á jafnrétti kynjanna Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á jafnrétti eða jafna stöðu kynja. Á hinn bóginn er rétt að taka fram að samkvæmt formálsorðum reglugerðar (ESB) 2019/1157 geta einstök ríki ákveðið hvort kyn skírteinishafa verður auðkennt á persónuskilríkjum samkvæmt reglugerðinni. Ef ákveðið er að auðkenna kyn skal það gert með F M eða X eða samsvarandi stökum bókstaf sem er notaður í tungumáli eða tungumálum hlutaðeigandi ríkis. Af formálsorðunum má draga þá ályktun að aðildarríkjum EES, sem ber að taka til greina sem gild ferðaskilríki persónuskilríki sem fullnægja kröfum reglugerðarinnar, beri þá að taka til greina sem gild ferðaskilríki nafnskríteini sem tilgreina ekki kyn eða tilgreina hlutlaust kyn. 7. Áhrif á lýðheilsu 8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir 9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri Nafnskríteini verða ferðaskilríki á EES/Schengen-svæðinu. 10. Áhrif á stjórnsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni Þjóðskrá Íslands hefur unnið að undirbúningi þessa verkefnis frá árinu 2017 og verður í stakk búin til að taka við verkefninu þegar löginn hafa verið samþykkt. 11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar Gert er ráð fyrir að sérstaklega ungmenni og aðrir sem hafa ekki ökuréttindi komi til með að nýta sér nafnskríteini til auðkenningar í daglegu lífi. 12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun
E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á
1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð. Reiknað er með að gjald fyrir útgáfu nafnskríteina verði ákveðið í gjaldskrá Þjóðskrár Íslands með hliðsjón af kostnaði við útgáfuna. Gjaldtakan standi þar með undir kostnaði. Þá er ráðgert að tímabundinn kostnaður við innleiðingu rúmist innan útgjaldaramma Þjóðskrár Íslands. 2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat)

Ávinningur af frumvarpinu er að gefin verða út örugg nafnskírteini til auðkenningar, sem einnig verða hagnýt ferðaskilríki innan EES/Schengen-svæðisins.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?
2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?
3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?